



UM ALM 1003 UPPLÝSINGATÆKNI Í MANNVIRKJAGERÐ – AÐGERÐIR, ÞRÓUN OG TÆKNIVÆÐING

Einingar:	6 ECTS einingar
Önn:	Haustönn.
Stig námskeiðs:	Diplómanám, grunnnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Skyldunámskeið.
Undanfarar:	UM ITÁ1000 Upplýsingatækni í mannvirkjagerð - Grunnaðferðir og hugtök
Skipulag:	Kennt í 6 vikur um miðbik annar.
Umsjónarkennari:	Eyþór Rafn Þórhallsson.
Kennari:	Ingibjörg Birna Kjartansdóttir og Helgi G. Bragason

Lærdómsviðmið: Að loknu námskeiði er ætlast til að nemendur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni:

Þekking: Við lok námskeiðs mun nemandi hafa þekkingu á:

- Byggingaflokkunarkerfum og hvernig þeim er beitt
- Stjórnun stafrænna gagna og kröfum til þeirra
- Þróunarstigum upplýsingalíkana (LOD/LOI) Dikon)
- Helstu hugbúnaðarlausnum sem notaðar eru við stjórnun stafrænna gagna
- Stafrænum samskiptum og hvernig þeim er háttað með nútímatækni og hvaða kerfi eru til sem styðja þau
- Hvernig opnir staðlar stuðla að aukinni tæknivæðingu
- Framtíðartækifærum innan upplýsingatækni og BIM í mannvirkjagerð

Leikni: Við lok námskeiðs mun nemandi hafa leikni til að/ í:

- Geta flokkað upplýsingalíkan mannvirkis eftir tilteknu byggingaflokkunarkerfi
- Geta skipulagt og stjórnað stafrænum gögnum eftir tilteknu kerfi (möppustrúktur og skráarheiti, teikningsnúmer)
- Geta útbúið magnskrá með tilvísun í byggingaflokkunarkerfi
- Geta útbúið IFC skrár sem mæta mismunandi þörfum/aðgerðum (MVD) t.d. samræming, magntaka, sjónræn áhrif

Hæfni: Við lok námskeiðs mun nemandi hafa hæfni til að:

- Stjórna stafrænum gögnum í hefðbundnu byggingaverkefni
- Kunna að búa til IFC skrá eftir mismunandi þörfum

Lýsing: Á námskeiðinu er farið dýpra í hvernig upplýsingatækni og BIM hafa áhrif á mannvirkjagerð almennt og hvað það felur í sér. Farið er yfir helstu aðgerðir, verkfæri og ferla um það hvernig stafrænum gögnum er stjórnað í mannvirkjagerð, svo sem byggingaflokkunarkerfi og opna staðla, og hvernig þessi atriði tengjast inn í verkefni, skipulag og stjórnun á verkefnavefum.

Leseefni:	Ekkert skráð lesefni
Kennsluaðferðir:	Fyrirlestrar, dæmatímar og verkleg kennsla.
Námsmat:	Verkefni og lokapróf
Tungumál:	Íslenska

Birt með fyrirvara um breytingar

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennslu birtast í Canvas í upphafi hvernar annar

Uppfært í október 2020